

Ed.

414. Nefndarálit

[21. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn stjórnarinnar, vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en við undirritaðir álitum, að gera þurfi breytingar á frumvarpinu.

Í formála fyrir bráðabirgðalögum, sem frumvarpi þessu er ætlað að staðfesta, er frá því skýrt, að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.

Í frumvarpi þessu og fyrirhugaðri framkvæmd laganna er langt frá því, að staðið sé við þetta fyrirheit, því að bændum er að ýmsu leyti ætlað að búa við miklu lakari kjör en útvegsmönnum. Í lögum um breytingar á lausaskuldum útgerðarfyrirtækja var stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann gert að skyldu, að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, að veita lánin til langs tíma. Í frumvarpi því um lausaskuldir bænda, sem hér liggur fyrir, er enga tryggingu að finna fyrir því, að nokkur stofnun eða skuldheimtumaður taki við bréfum þeim, sem lánin eru veitt í, á nafnverði. Var því augljóst, að erfitt eða jafnvel ókleift yrði fyrir bændur að notfæra sér bréfin til skuldagreiðslu.

Nú hefur að vísu náðst um það samkomulag við Seðlabankann og ríkisbankana þrjá, Landsbankann, Útvegskbankann og Búnaðarbankann, að þeir taki bankavaxtabréf þessi af viðskiptamönnum sínum á nafnverði. Er að því mikil bót, enda þótt samkomulagið sé takmarkað við skuldagreiðslu eða innlán í bundinn reikning. Samt sem áður skortir enn mikið á, að bændur eigi að njóta sömu kjara og útvegsmenn þeir, sem á síðastliðnu ári fengu lausaskuldum breytt í föst lán.

Af skuldaskilalánnum sjávarútvegsins eru vextir ákveðnir  $6\frac{1}{2}\%$ . Bændum er hins vegar ætlað að greiða  $8\%$  vexti eftir reglum þeim, sem settar hafa verið samkvæmt bráðabirgðalögum, sem hér á að staðfesta. Samkvæmt frumvarpi þessu skulu lán aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda og mannvirkjum, sem á jörðunum eru. Útvegsmenn fengu hins vegar lán gegn veði í vinnslustöðvum og vélum. Vegna óvissu þeirrar, sem lengi var ríkjandi um það, hvort bankavaxtabréfin yrðu raunverulega gjaldgeng eða ekki, létu ýmsir undir höfuð leggja að sækja um lán þessi. Fékkst eigi vitneskja um það fyrr en löngu eftir að umsóknarfrestur var liðinn, að bankarnir mundu taka bréfin. Ef ranglæti á að afstýra, þarf því að ákveða nýjan umsóknarfrest.

Það eru alls engin rök fyrir því, að bændur sæti lakari lánskjörum en útvegsmenn við hliðstæðar lánveitingar. Það er þvert á móti að okkar dómi eðlilegt, að lánskjör samkvæmt þessu frumvarpi séu sem líkust því, sem nú er á hliðstæðum lánnum til útgerðarfyrirtækja. Flytjum við á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem allar miða í þá átt, að svo verði. Er þar gengið til móts við óskir bænda, er fram komu í bréfi stjórnar Stéttarsambands bænda frá 3. nóv. s. l., en það er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti 1. minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar á þingskjali 132. Verður nánari grein gerð fyrir þeim breytingartillögum í framsögu.

Alþingi, 17. marz 1962.

Ólafur Jóhannesson,      Björn Jónsson.  
frsm.